

104.fundur hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis.

Haldinn 7.nóvember 2017 í Glerárskóla kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Eiríkur Aðalsteins og Auður Inga. Fjarverandi Páll og Einar Gauti.

1. Opinn fundur Glerárskólareitur

Soffía Vagnsdóttir, sviðsstjóri fræðslusviðs Akureyrarbæjar sat fyrir svörum á fundi sem haldinn var 31.október kl. 20:00 í Glerárskóla. Fundurinn var auglýstur í Dagskránni sem og á facebook síðu hverfisnefndar. Á fundinum var hverfisnefnd gagnrýnd fyrir að auglýsa fundinn ekki betur þar sem um 15 manns mættu. Mun hverfisnefnd standa betur að því að auglýsta slíka opna fundi.

Á þessum fundi var spurt hvort leikskólinn yrði klár fyrir Glerárhverfi 2020 og svaraði Guðmundur Baldvin því til að leikskólabyggingin væri komin á fjárhagsáætlun og að hann yrði byggður. Í umræðunni kom fram að 154 börn á leikskóla aldri búa í Glerárhverfi. Þá spyr formaður hverfisnefndar hvort börn í hverfinu komi til með að njóta forgangs í nýja leikskólanum og svarar Hrafnhildur frá leikskóladeild bæjarins því til að það þurfi að ræða þegar að því kemur en líkur séu á að þau börn njóti forgangs. Fram kemur að unnið sé að þarfalýsing fyrir leikskólann og unnin hafi verið hugmyndavinna með starfsfólki Glerárskóla ásamt öðrum leikskólastjórum.

Það er mat hverfisnefndar að þessi fundur hafi ekki skilað því til sem hverfisnefnd hélt að hann hefði átt að gera. Ekki er framkvæmd við byggingu leikskólans komið svo langt í ferli að hægt sé að spyrja góðra spurninga. Einnig fannst hverfisnefnd ekki nógu margir hverfisíbúar mættir á fundinn en vill þakka því fólki sem mætti. Verðum að láta okkur þetta varða.

2. Foreldraráð

Eftir slysið við göngubrautina á Hörgárbraut bað foreldrafélag Glerárskóla um fund með hverfisnefnd um umferðaröryggismál við Glerárskóla og á gönguleið barna almennt um hverfið á leið í og úr skóla. Á fundinn mættu tveir fulltrúar foreldraráðs, Alma Sif og Edda.

Þær vildu koma á framfæri áhyggjum sínum á að engin lýsing er á göngubrautum í hverfinu og þær yfir höfuð illa merktar. Þær viðruðu þá tillögu og ósk um að fá stýrð umferðarljós við Glerárskóla, líkt og þau sem eru við Dalsbraut við hlið Lundaskóla og KA heimilisins. Einnig var komið á framfæri þeirri ósk að með aukinni umferð um Hörgárbraut, sem er skilgreind sem þjóðvegur, að þar verði gangbrautarmannvirki betrubætt, bæði við umferðarljós og við gangbraut, þannig að hvoru tveggja verði betur merkt með lýsingu. Á fundinum kom til dæmis fram að skjalfest er hjá Vegagerðni í bæklingi um götuþveranir að göngubrautir yfir götur með tveimur akreinum í hvora átt, eins og sú sem er á Hörgárbraut, eru ólöglegar. Á slíkum stöðum er skv. Vegagerðinni skilt að hafa gangbrautarljós. Dæmi eru um fjölda árekstra á

Þessum stað þegar bíll hefur stöðvað til að hleypa vegfarenda yfir og næsti bíl keyrir aftaná þann bíl. Nú í haust (2017) gerðist það svo sem augljóst var að einhverntímann gerðist, að keyrt var á gangandi vegfarenda á leið yfir göngubrautina. Vísað er til lögreglunnar um fjölda skipta slysa við þessa göngubraut.

Þá barst talið að gangbrautarljósunum ofan við áður nefnda göngubraut. Þar virðist sem bílstjórar geri sér ekki grein fyrir því að það sé rautt ljós og einhver að fara yfir. Oft hefur legið við stórslysi og nokkur dæmi voru nefnd á fundinum. Vangaveltur voru uppi um hvort þar þyrfti betri lýsingu eða betri staðsetningu ljósanna, en staðreyndin sú að ljóstin sjálf eru illgreinanleg við vissar aðstæður. T.d. þegar fennt hefur í þau eða þegar mikil snjócoma er. Einnig kom fram sú ósk að göngubraut verði sett upp við horn Skarðshlíðar og Höfðahlíðar, en þar ganga skólabörn yfir á leið sinni í skólann eftir að hafa gengið yfir umrædd gangbrautarljós. Á því horni er mikil umferð á morgnana, sérstaklega á þeim tíma þegar börn ganga í skólann. Þá kom til tals að göngubrautarljós verði að betrubæta við Þórsheimilið, sérstaklega þar sem strætó stoppar. Óskað er eftir að betur verði gert við gangandi vegfarendur á umræddum stöðum, sem og öllum öðrum innan Holta- og Hlíðahverfis og sem stendur eru illa merktir. Markmiðið ætti alltaf að vera að gangandi vegfarendur verði ekki í hættu við að ganga yfir á stöðum þar sem þeir eiga sannanlega réttinn. Einnig til að koma í veg fyrir að keyrt sé á þá bílstjóra sem fara eftir umferðarreglum.

Hverfisnefnd er sammála áhyggjum foreldraráðs.

- a. Óskað er eftir að lýsing sé betrubætt á göngubrautum í hverfinu og allar yfirfarnar hvað merkingar varðar.
- b. Er hægt að skoða þá hugmynd að fá stýrð umferðarljós við Glerárskóla, líkt og þau sem eru við Dalsbraut við hlið Lundaskóla og KA heimilisins?
- c. Ósk um að við Hörgárbraut verði gangbrautarmannvirki betrubætt, bæði við umferðarljós og við gangbraut, þannig að hvoru tveggja verði betur merkt með lýsingu. Ekið á gangandi vegfarendur, 5.september og 15.nóvember 2017
- d. Með tilliti til skólabarna og annarra vegfarenda sem eiga leið yfir gangbrautarljósin ofan við áður nefnda göngubraut, þ.e. Við Stórholt er óskað eftir að ljósin verði betur lýst, merkt og gangbraut máluð.
- e. Óskað er eftir að göngubraut verði sett upp við horn Skarðshlíðar og Höfðahlíðar en engin göngubraut er til staðar í dag.

Margt spjallað en ekki fært til bókunar.

Fundi slitið kl.19:10

Ritari: Berglind Rafnsdóttir